

V/3.5

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNADUR	R L S	
Skýrslu gerir	Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi	Mál nr.	006-2002-00086
Staður og stund:	Skrifstofa efnahagsbrotadeildar, þriðjudaginn 10. ágúst 2004, kl. 09:30.		
Sakarefni:	Umboðssvik (249. gr. alm.hgl.) - ólögmætar lánveitingar (104. gr. 2/1995)		
Vitni:	Kristín Jóhannesdóttir	Kennitala:	090363-3959
Starf/staða:	Framkvæmdastjóri Gaums ehf.	Vinnusími:	588 9990
Lögheimili:	Barðaströnd 9, Seltjarnarnes	Sími:	561 1144
Dvalarstaður:		Sími:	

Kristín er mætt til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Henni er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar rannsókn lögreglu á ætluðum umboðssvikum og ólögmætum lánveitingum tiltekinna forsvarsmanna Baugs-Group hf. í tengslum við viðskipti við Fjárfar ehf. Vegna þeirra gagna sem fram eru komin í málinu og hugsanlegrar hlutdeildar hennar í umboðssvikum telur lögregla rétt að Kristín njóti réttarstöðu sakbornings við yfirheyrsluna.

Kristínu er kynnt að sem sakborningur þá þurfi hún ekki að tjá sig um sakarefnið frekar en hún vilji. Áminnt um sannsögli varðandi þau atriði sem hún kys að tjá sig um og fyrir henni brýnt að draga ekkert það undan sem máli kann að skipta.

Kristín kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og er reiðubúin að tjá sig en segist mótmæla þessum sakargiftum sem á hana eru bornar.

Með Kristínu er mættur Halldór Jónsson hrl, í fjarveru skipaðs verjanda Kristínar, Kristínar Edwald. Auk þess er Sveinn Ingiberg Magnússon lögreglufulltrúi viðstaddur yfirheyrsluna.

#### Stofnun, stjórnun og eignarhald Fjárfars ehf.

Kristín er beðin um að lýsa tengslum sínum við og störfum sínum fyrir Fjárfar ehf.

Kristín segir að tengsl hennar við Fjárfar séu í raun engin, en á ákveðnum tímamarki, eða í byrjun árs 2000, hafi Gaumur tekið að sér fjárgæslu Fjárfars sem fól í sér færslu bókhalds og uppgjör á skuldum félagsins. Að öðru leyti hafi hún eingöngu verið í milligöngu á milli Jóns Ásgeirs og Helga Jóhannessonar á þeim tíma sem Helgi var stjórnarformaður. Aðspurð segir Kristín að Jón Ásgeir hafi verið í samskiptum við hluthafa og það hafi því verið hlutverk hennar að koma upplýsingum frá honum til Helga.

Kristín er beðin um að skýra frá vitneskju sinni varðandi eignarhald og stjórnun félagsins Fjárfars.

Kristín segir að eftir hennar bestu vitneskju hafi það verið Helga Gísladóttir sem átti meirihluta í Fjárfari eða allavega framtil ársins 2001. Varðandi stjórnun félagsins segist Kristín hafa tekið við fyrirmælum frá Jóni Ásgeiri sem aftur var í samskiptum við hluthafa, en hún geti ekki sagt til um hver hafi í raun tekið ákvarðanir í rekstrinum.

Kristínu er kynnt að fram hafi komið í vitnisburðum Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar hjá lögreglu að þau hafi hvorugt átt hlut í Fjárfari. Kristín er beðin um að taka afstöðu til þess en hún segist

06874

ekkert vita um þetta. Hún hafi fengið þessar upplýsingar um eignarhlut frá Jóni Ásgeiri og hún síðan komið þeim áfram til Helga.

Kristín er spurð hvernig það kom til að Gaumur tók að sér þessa fjárgæslu Fjárfars.

Hún segist ekki vita það nákvæmlega nema það að upphaflegur tilgangur Fjárfars, sem hún kunni ekki að skýra frá, hafi ekki gengið eftir. Vísaði hún á Jón Ásgeir varðandi upphaflegan tilgang félagsins. Ákveðið hafi verið að starfsmaður Gaums, Ragnar Þórhallsson, tæki að sér bókhaldið og Gaumur sæi um fjárgæslu félagsins. Aðspurð um hvers vegna Jón Ásgeir hafi tekið þessa ákvörðun, hvort hann hafi átt hagsmuna að gæta, sagðist Kristín ekki geta skýrt frá því.

Kristínu er kynnt að Aðalsteinn Hákonarson fyrrverandi endurskoðandi Fjárfars hafi sagt í skýrslutöku hjá lögreglu 14. júlí 2004 að Kristín hafi kynnt sig fyrir honum sem framkvæmdastjóra Fjárfars. Kristín er beðin um að taka afstöðu til þessa.

Kristín segir þetta alveg fráleitt og vera algjörlega út í hött, hún hafi aldrei verið framkvæmdastjóri Fjárfars og aldrei kynnt sig sem slíka.

Undir Kristínu er borið fylgiskjal 4.1 sem er hluti af skýrslu skattranssóknarstjóra ríkisins (SRS) á málefnum Fjárfars ehf. (skjal II/37.4.1-3) sem afhent var embætti ríkislögreglustjóra 29. júní 2004 vegna rannsóknar þessarar. Um er að ræða samning dags. 9. ágúst 2001 á milli Helga Jóhannessonar og Fjárfestingarfélagins Gaums ehf. Í samningnum kemur m.a. fram að Gaumur komi fram f.h. hluthafa Fjárfars og að Helgi skuli einungis framkvæma þær ráðstafanir f.h. Fjárfars ehf. sem fulltrúar hluthafa félagsins fela honum eða samþykkja. Samningurinn átti að teljast gildur frá þeim tíma sem Helgi tók við stjórnarstörfum fyrir félagið.

Kristín er beðinn um að skýra frá þessum samningi.

Kristín segist aðspurð ekki muna hver samdi þennan samning og man ekki hvernig hann kom til. Hún hafi ekki tekið neinar ákvarðanir fyrir félagið hún hafi eingöngu verið nokkurskonar sendiboði á milli Jóns Ásgeirs og Helga. Jón Ásgeir hafi verið í samskiptum við hluthafa, líklega Helgu Gísladóttur, en sökum mikillar fjarveru hans erlendis hafi hún tekið að sér að koma skilaboðum áfram til Helga Jóhannessonar. Kristín segir aðspurð að hún hafi ekki sett nein spurningamerki við þetta fyrirkomulag, þetta hafi verið félag með tilgang sem ekki gekk eftir og markmiðið í raun að gera upp skuldir og loka félaginu. Kristín tók fram að henni þætti þetta ekkert óeðlilegt.

Aðspurð um aðkomu hennar að því þegar Helgi Jóhannesson tók að sér stjórnarformennsku segir Kristín að það hafi verið Jón Ásgeir sem bað hana að tala við Helga og biðja hann um að taka verkefnið að sér.

Undir Kristínu er borinn framburður Helga Jóhannessonar frá 9. júlí 2004 þegar hann var spurður um tengsl Jóns Ásgeirs Jóhannessonar við Fjárfar:

*"Helgi segir að það hafi komið honum þannig fyrir sjónir að Kristín Jóhannesdóttir hafi fengið sín fyrirmæli og upplýsingar varðandi félagið frá Jóni Ásgeiri og hún hafi síðan komið þeim áfram til Helga í samræmi við samning þeirra. Aðspurður segist Helgi ekki hafa orðið var við fleiri aðila sem höfðu með málefni Fjárfars að gera, hann hafi þó vitað til þess að Tryggvi Jónsson hafi haft eitthvað komið við sögu áður en Helgi kom inn í stjórn, hann hafi ekki átt samskipti við hann varðandi verkefni sín fyrir félagið á þeim tíma sem hann var í stjórn nema e.t.v. að einhverju óverulegu leyti á fyrstu dögum stjórnarsetu sinnar."*

Þann 4. apríl 2003 kom Kristín til skýrslutöku sem sakborningur vegna ætlaðra ólögmetra lánveitinga af hálfu stjórnenda Baugs hf.

Undir Kristínu eru borin svör hennar frá 4. apríl 2003 (skýrsla V/3.3):

Kristín var spurð um tengsl Fjárfars við Baug eða aðaleigendur Baugs:

*"Kristín kveðst ekki vera viss um þá tengingu og geti hún því ekki verið með neinar getgátur í því sambandi."*

Kristín er spurð í ljósi svara sinna í dag hér að ofan hvort hún vilji taka afstöðu til fyrri framburðar síns þá sérstaklega hvað varðar tengsl stjórnenda Baugs við Fjárfar.

Kristín segir að hún hafi skilið spurninguna um tengsl Fjárfars við Baug eða aðaleigendur Baugs þegar hún var spurð í apríl 2003 á þann hátt að eingöngu væri verið að spyrja um eignatengsl og hún hafi ekki vitað um þau á þeim tíma. Kristín segir að það hafi ekki verið tilgangur sinn með þessu svari að leyna tengslum sínum eða Jóns Ásgeirs við Fjárfar eins og lýst hefur verið hér að framan.

Varðandi framburð Helga segir Kristín að þetta sé rétt lýsing á samskiptum Helga, Kristínar og Jóns Ásgeirs varðandi Fjárfar.

Undir Kristínu er borið fylgiskjal 6.5 úr skýrslu SRS en um er að ræða tölvupóst dags. 19.9.2001 frá Kristínu til Helga Jóhannessonar þar sem lagt er fyrir Helga hvað skuli koma fram í bréfi til Íslandsbanka. Undir Kristínu er jafnframt borið bréfið (fylgiskjal 6.4 úr skýrslu SRS) sem Helgi skrifaði og sendi til Íslandsbanka þennan sama dag eftir forskriftinni í tölvupóstinum.

Í tölvupóstinum kemur fram hverjir stærstu eigendur Fjárfars séu samkvæmt hluthafaskrá. Nú hefur Sævar Jónsson borið því við í skýrslutöku hjá lögreglu að hann hafi aldrei átt hlut í Fjárfari, Kristín er beðin um að skýra frá upplýsingum þessa bréfs hvað varðar hluthafa félagsins.

Kristín segir að þessar upplýsingar hafi komið frá Jóni Ásgeiri en hún hafi ekki staðreynt þær frekar. Hún segist ekkert muna eftir þessu og ekki geta tjáð sig um meintan eignarhlut Sævars sem þarna kemur fram.

Kristínu er bent á að hún sé skráð fyrir 9% hlut í þessu bréfi og er hún spurð hvort að það séu réttar upplýsingar.

Kristín segir að það hafi staðið til að hún eignaðist hlut í félaginu en það hafi svo ekki gengið eftir og hún hafi eingöngu átt þann hlut í skamman tíma. Aldrei hafi formlega verið gengið frá hennar eignarhlut, hún hafi ekki lagt neitt út fyrir hlutnum eða slíkt. Aðspurð um 9% hlut Jóns Ásgeirs sem einnig kemur fram í bréfinu segist Kristín ekki vita neitt um.

Gögn frá Íslandsbanka sýna að bréf Gaums í Baugi að nafnverði 25.331.760 kr. voru sett að veði til tryggingar skuldbindingum Fjárfars gagnvart Íslandsbanka. Handveðsyfirlýsingin er dagsett 6. desember 2000 og undirrita bæði Jón Ásgeir og Kristín hana f.h. Gaums.

Kristín er spurð hvers vegna Gaumur notaði sínar eignir til tryggingar skuldum Fjárfars.

Kristín segist lítið vita um þessar ákvarðanir en það sé ljóst að á þessum tíma hafi Fjárfar verið mjög skuldsett og eflaust ekki átt nægar eignir til tryggingar skuldum sínum og því hafi Gaumur sem fjárgæsluaðili lagt fram þessa tryggingu og það hafi verið Jón Ásgeir sem tók þessa ákvörðun. Þetta hafi verið liður í að tryggja afkomu Fjárfars. Aðspurð um hvort Gaumur hafi þá átt inni kröfur á Fjárfar segir Kristín að það hljóti að hafa verið annars viti hún lítið um fjármál Fjárfars.

#### **Viðskipti við Baug-Group hf. 2000 - 2001:**

Kristínu er kynnt að þau viðskipti sem um ræðir og eru m.a. tilefni þessarar skýrslutöku hafi átt sér stað á tímabilinu frá maí 2000 til febrúar 2001. Mun hún nú verða spurð nánar um eftirtalin viðskipti:

**16.05.2000: "Hlutafé selt Fjárfari, 5m \* 12,9" - kr. 64.500.000**

**30.06.2000: "Baugur.net selt til Fjárfars" - kr. 50.000.000**

**13.02.2001: "Fjárfar ehf. ógr. hlutafjárukning" - kr. 85.758.591**

Undir Kristínu er borinn framburður Helga Jóhannessonar frá 9. júlí 2004 þegar hann var spurður um viðskipti Fjárfars við Baug á árunum 2000-2001:

*"Helgi vill til að byrja með taka fram að engin viðskipti sem hann kom að hafi verið framkvæmd nema eftir fyrirmælum frá Kristínu tengilið hans við hluthafa."*

Undir Kristínu eru borin svör hennar frá 4. apríl 2003 (skýrsla V/3.3):

Kristín var spurð um lánveitingar Baugs til Fjárfars:

*"Kristín segir að hvorki henni né stjórn Baugs hf hafi verið kunnugt um þessar lánveitingar til Fjárfars ehf, eftir því sem hún best viti."*

Kristín var spurð hver hafi tekið ákvarðanir um þessar lánveitingar og á hvaða forsendum þær hafi verið gerðar:

*"Kristín kveðst ekki vita neitt um það."*

Kristín er spurð hvort hún vilji taka afstöðu til fyrri framburðar síns í ljósi framkominna upplýsinga um störf hennar fyrir Fjárfar.

Kristín segir að hún hafi ekki vitað um þessar lánveitingar á þeim tíma, hvorki sem stjórnarmaður í Baugi eða tengiliður við stjórnarformann Fjárfars. Hún hafi þó komist að þessari skuld við Baug síðar, hún hafi ekki tekið þátt í ákvörðunum um þessi viðskipti af hálfu Fjárfars. Hún hafi hvorki vitað að þau hefðu átt sér stað eða þá að um lánveitingar hefði verið að ræða frá Baugi.

Varðandi framburð Helga hér að ofan segist Kristín ekki vita til að þessi viðskipti hafi verið framkvæmd samkvæmt fyrirmælum hennar, það hafi þá frekar verið í gegnum Jón Ásgeir. Aðspurð um það hverjir gætu hafa tekið slíkar ákvarðanir f.h. Fjárfars segir hún það vera Jón Ásgeir eða hluthafa, þá væntanlega Helgu, en hún viti í raun ekki hver tók þessar ákvarðanir.

Kristín er spurð hver staða hennar var í stjórn Baugs á því tímabili sem um ræðir það er frá maí 2000 til febrúar 2001.

Kristín segist minna að hún hafi verið varamaður í stjórn á þessum tíma og ekki komið inn sem aðalmaður fyrr en á árinu 2002. Það hafi þó komið fyrir að hún sat fundi stjórnar þrátt fyrir varamennsku.

**16.05.2000: "Hlutafé selt Fjárfari, 5m \* 12,9"**

Kristín er spurð hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Kristín biður um að fá að sjá samninginn að baki þessum viðskiptum og er sýndur hann. Kristín segist ekki hafa séð þetta skjal áður og segist ekki getað svarað því hver tók þessa ákvörðun það hafi í öllu falli ekki verið hún. Kristín segist ekki hafa vitað til þess að þessi viðskipti áttu sér stað.

Samkvæmt upplýsingum frá innri endurskoðun Baugs Group hf. voru 5.000.000 hlutir að nafnverði seldir til Fjárfars þann 16. maí 2000 sem framseldi bréfin til Helgu Gísladóttur. (sbr. fylgiskjal 8.2 úr skýrslu SRS) Kristín er spurð hver tilgangur með þessum kaupum hafi verið.

Kristín segist ekki vita hver tilgangur kaupanna hafi verið á þeim tímapunkti þegar þau voru keypt og ekki vita hvort að Helga hafi fengið þessi bréf.

Kristín er spurð hvort og þá hvenær Baugur hefði hafið innheimtu á þessari skuld Fjárfars við Baug.

Kristín segir að skuldin hafi verið gerð upp í byrjun árs 2003 en hún vísar á Jón Ásgeir varðandi frágang á þessari skuld. Hún kvaðst ekki minnast innheimtuaðgerða af hálfu Baugs.

**30.06.2000: “Baugur.net selt til Fjárfars” - kr. 50.000.000**

Kristín er spurð hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Kristín óskar eftir að sjá samninginn varðandi þessi kaup og er henni sýndur hann, hún kveðst ekki muna eftir að hafa séð hann áður. Kristín kveðst ekki vita hver hafi tekið ákvörðun um þessi kaup og ekki vita hver tilgangurinn með þessum kaupum hafi verið. Kristín kvaðst heldur ekki muna eftir því að hún hafi vitað af þessum viðskiptum þegar þau áttu sér stað.

Sala Baugs á þessum bréfum var bakfærð þann 21.02.2002 í bókhaldi Baugs. Skv. upplýsingum frá núverandi talsmanni Fjárfars ehf. voru þessi viðskipti bakfærð skv. samkomulagi milli aðila þar sem forsendur brustu fyrir því að félagið yrði skráð á markað. Kristín er spurð hvort að eitthvað slíkt samkomulag hafi verið til staðar og er hún þá beðin um að gera grein fyrir því.

Kristín segist ekki hafa séð það samkomulag en hún hafi vitað að það hafi staðið til að setja þetta félag, Baug.net á markað.

**13.02.2001: “Fjárfar ehf. ógr. hlutafjárakning” - kr. 85.758.591**

Kristín er spurð hver hafi tekið ákvörðun um að þessi bréf skyldu keypt og að þau skyldu gerð með þessum hætti þ.e. að stofna til skuldar við Baug.

Kristín segist ekki vita hver tók ákvörðun um það, það hafi eflaust verið í tengslum við Jón Ásgeir. Kristín kveðst hafa heyrt að það hafi verið pressa á að allir tækju þátt í útboðinu og því líklegt að Jón Ásgeir hafi tekið ákvörðun um að Fjárfar yrði með í því. Hún hafi e.t.v beðið Helga um að tilkynna um þátttöku Fjárfars í útboðinu en hún hafi ekkert vitað um frágang þeirra viðskipta. Kristín kveðst ekki hafa vitað á þessum tíma að um hefði verið að ræða lán frá Baugi.

Kristín taldi líklegt að þessi bréf hafi verið notuð sem veð gegn skuldum Fjárfars enda félagið mjög skuldsett.

Undir Kristínu er borið skjal nr. II/37.2.3. Um er að ræða samning um hlutabréfaviðskipti þar sem skv. upplýsingum frá Fjárfari hlutabréf í Baugi að nv. kr. 40.000.000 voru seld til Fjárfestingarfélagis Straums gegn hlutabréfum í hinu síðarnefnda. Baugur hafi um svipað leyti fjárfest í Straumi en Fjárfar og Baugur ætluðu að hafa með sér samstarf í Straumi

Kristín er spurð hvort hún hafi haft vitneskju um þessar fyrirætlanir þegar hlutabréfin í Baugi voru keypt af Baugi.


Kristín segist ekki hafa vitað af þessum fyrirætlunum þegar Fjárfar keypti bréfin í Baugi.

Kristín vill taka það fram að hún tók ekki ákvarðanir varðandi rekstur Fjárfars. Kristín segist aðspurð ekki hafa séð neina lánasamninga á milli Fjárfars og Baugs varðandi þessi viðskipti eða önnur viðskipti við Baug. Kristín sagðist ekki getað svarað því hvort að Fjárfar hafi lagt fram einhverjar tryggingar gegn skuldum sínum við Baug hún hafi allavega aldrei séð nokkrar tryggingar eða lánasamninga við Baug.

Kristín vill taka það fram í lokin að hún undrast að drög að skýrslu skattrannsóknarstjóra varðandi málefni Fjárfars hafi verið send til lögreglu í heild sinni.


Skýrslutöku lauk kl. 11:50

Staðfest rétt eftir haft:


  
Kristín Jóhannesdóttir

Skýrsluna skráði:

  
Aldís Hilmarsdóttir

  
Halldór Jónsson, hrl.

Viðstaddur og þátttakandi í skýrslutökunni:

  
Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	V 13.9	
Staður og stund: Þriðjudagur 14. júní 2005 kl. 14:00 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.			
Sakborningur/grunaður: Kristín Jóhannesdóttir	Kennitala: 090363-3959		
Starf/staða:	Vinnusími: 588 9990		
Lögheimili: Barðaströnd 9, 170 Seltjarnarnes	Sími: 561 1144/864 3559		
Dvalarstaður:	Sími:		

Kristín Jóhannesdóttir er mætt til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Henni er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.


Kristín nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en vafi þykir vera á hennar aðkomu að þeirri ætluðu refsiverðu háttsemi sem til rannsóknar er. Sú aðkoma er vegna stöðu Kristínar hjá Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf. Sökum vafans þykir rétt að Kristín hafi þessa réttarstöðu vegna réttarfarshagsræðis. Kristínu er kunnert að grunur sé um að fjármunir hafi á árinu 1999 runnið til Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. vegna kaupa Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. á árinu 1998, sem og síðar verður rakið. Enn fremur er grunur um að söluhagnaður af sölu fasteigna, er keyptar voru til Litla fasteignafélagsins ehf. frá Vöruveltunni hf. og síðan seldar Fasteignafélaginu Stoðum hf., hafi runnið til Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. á árinu 1999. Sú háttsemi sem til rannsóknar er þykir kunna varða við XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þá aðallega við 247. gr. um fjárdrátt, 248. gr. um fjársvik og 249. gr. um umboðssvik.

Kristínu er kunngerð réttarstaðan um að henni sé óskilyt að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hún verður yfirheyrð um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brynt er fyrir Kristínu að ef hún kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefni að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunn að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Aðspurð segir Kristín að hún skilji þau ákvæði réttarfarslaga er henni hafa verið gjörð kunn. Með Kristínu er mætt Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður og dómskipaður verjandi Kristínar við opinbera rannsókn málsins.

Kristínu er kunnert að samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og reglugerðar um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslna hjá lögreglu nr. 395/1997 geti hún ráðfært sig við málsvara sinn áður en hún svarar spurningu við yfirheyrsluna, sem beint er til hennar, svo fremi sem yfirheyrandi telji það eigi trufla yfirheyrsluna.

Viðstaddur og þátttakandi í yfirheyrslunni er Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Kristínu og svör hennar við þeim bókuð eftir henni í óbeinni ræðu. Kristínu verður við yfirheyrsluna gefinn kostur á að kynna sér umrædd fyrirliggjandi gögn. Enn fremur verður henni gefinn kostur á að hrekja þær forsendur sem grunur er reistur á og koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

06909 

Kristín er spurð um afstöðu til þess ætlaða sakarefnis sem henni hefur nú verið kynnt; hvort hún vilji tjá sig sjálfstætt um það, hrekja það eða koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Kristín segir að hún neiti ætluðum sakargiftum. Kristín segir að hún vilji sérstaklega taka fram að hún hafi ekki tekið við sem framkvæmdastjóri Gaums ehf. fyrr en í septembermánuði 1999. Kristín segir enn fremur að hún hafi ekki komið inn í stjórn Baugs hf. fyrr en á árinu 2000 og þá sem varamaður.

### **Gögn frá hlutafélagaskrá**

#### **Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf.**

Kristínu er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar og fl. í Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf. Samantektin er byggð á upplýsingum sem Ríkislögreglustjórinn aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur nafni einkahlutafélagsins Ísaldí verið breytt í Fjárfestingarfélagið Gaum ehf. 6. nóvember 1998. Samkvæmt samantektinni er Kristín sögð hafa gegnt starfi formanns stjórnar frá 6. desember 1995 (dags. tilkynningar 27. des. 1995) til 27. ágúst 1999 (dags. móttöku 8. sept. 1999). Kristín er enn fremur sögð hafa tekið við framkvæmdastjórn félagsins frá og með aðalfundi, dags. 27. ágúst 1999. Kristínu er gefinn kostur á að kynna sér fyrirbyggjandi gögn frá hlutafélagaskrá sem samantektin byggir á.

- Skjal málsins nr. II/17.1

Kristín er spurð hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Kristín segir að þetta séu ekki réttar upplýsingar í samantektinni að því leyti að ný stjórn hafi ekki tekið við í félaginu á árinu 1995, heldur hafi stjórnin verið óbreytt frá 1989, sbr. fyrirbyggjandi gögn frá hlutafélagaskrá. Kristín segir enn fremur að hún vilji taka fram að hún hafi á hluta þessa tímabils verið búsett erlendis, eða frá 1995 og fram til haustsins 1999. Kristín segir að hún hafi á því tímabili ekki tekið virkan þátt í stjórn félagsins.

Kristínu er kunnert að í yfirheyrslu hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 11. júní 2005, hafi Jón Ásgeir Jóhannesson skýrt svo frá að hann hafi gegnt starfi framkvæmdastjóra Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf., m. a. á árunum 1998 og 1999. Samkvæmt upplýsingum frá hlutafélagaskrá verður hins vegar ekki séð annað en að Jóhannes Jónsson hafi gegnt starfi framkvæmdastjóra félagsins frá 6. desember 1995 til 27. ágúst 1999.

- Skjal málsins nr. V/4.18

Kristín er spurð hvort Jón Ásgeir hafi gegnt starfi framkvæmdastjóra Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf.

Kristín segir að rétt sé að Jón Ásgeir hafi séð um daglegan rekstur félagsins á þeim tíma.



**Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum****Kaupsamningur, dags. 7. október 1998**

Kristínu er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. kt. 511091-1369, að nafnvirði 4.600.000,- króna, dags. 7. október 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu seljandi, Helga Gísladóttir kt. 170857-2089 fyrir sína hönd og/eða hlutafélags sem eigenda 100% hlutafjár í Vöruveltunni hf. og umboðsmaður kaupanda, Jón Ásgeir Jóhannesson kt. 270168-4509, með sér samning um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Kaupsamningurinn er undirritaður af Helgu Gísladóttur, Eiríki Sigurðssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vottaður af Grétari Haraldssyni kt. 060335-7299, hæstaréttarlögmanni og Ragnari Tómassyni kt. 300139-7019, lögfræðingi. Umsamið kaupverð alls hlutafjárins var sagt vera kr. 1.150.000.000,- og skyldi greiðast eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.2

1. Hinn 8. október 1998	kr.	200.000.000,-
2. Hinn 5. nóvember 1998	kr.	800.000.000,-
3. Með víxli pr. 1. 3. 1999 (verðbætur gerðar upp sér)	kr.	150.000.000,-
		-----
	Kr.	1.150.000.000,-

Kristín er spurð hvort hún þekki þennan samning og/eða hafi verið kunnugt um hann.

Kristín segir að henni hafi ekki verið kunnugt um þennan samning á þeim tíma sem hann virðist vera gerður.

Kristín er spurð hvort henni sé kunnugt um hvort þessi samningur hafi verið efndur af hálfu kaupanda.

Kristín segir að hún viti það ekki, en hins vegar hafi Vöruveltan hf. endað hjá Baugi hf.

**Greiðsla á kr. 200.000.000, sem fara átti fram 8. október skv. kaupsamningi 7. október 1998**

Kristínu er kunnugt að grunur sé um fyrsta greiðslan samkvæmt kaupsamningnum hafi í fyrstu verið fjármögnuð þannig að kr. 200.000.000 voru teknar af reikningi frá Baugi-Aðföngum ehf. (dótturfélagi Baugs hf.), nr. 1151-26-000156 og umrædd fjárhæð í framhaldi lögð inn á bankareikning SPRON nr. 1151-26-009999. SPRON hafi síðan útbúið tékka í eigin nafni stílaða á Helgu Gísladóttur. Fyrir liggur að tékkinn var innleystur 9. október 1998, og fjárhæðin lögð inn á reikning Helgu nr. 0327-261708.

- Skjöl málsins nr. II/50.2.1, II/50.2.2, II/50.2.3 og II/50.2.4

Kristín er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um þetta.

Kristín segir að henni hafi ekki verið kunnugt um þetta.

Kristín er spurð hvort að Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf. hafi tekið á sig einhverjar skuldbindingar vegna endurgreiðslu á þessum fjármunum.

Kristín segir að við rannsókn skattrannsóknarstjóra á árinu 2004 hafi henni orðið kunnugt um að hlutabréf í Baugi hf., að nafnvirði 10 milljónir króna, hafi á árinu 1999 runnið frá Gaumi ehf. til Helgu Gísladóttur. Kristín segir að fyrir þann tíma hafi henni verið ókunnugt um þetta, en veit ekki hvort það tengist þessum samningi eða öðrum í tengslum við þessi viðskipti.

**Síðari endurgreiðsla að fjárhæð kr. 100.000.000**

Kristínu er sýnt afrit af lánasamningi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Þorsteins M. Jónssonar við Kaupþing hf. fjárfestingarbanka vegna lántökuheimildar að heildarfjárhæð kr. 100.000.000, dags. 21. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.4.1

Kristín er spurð hvort hún kannist við þennan lánasamning.

Kristín segir að hún hafi fengið vitneskju um þennan samning eftir rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Kristín er spurð hvort að Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf. hafi tekið á sig einhverjar skuldbindingar vegna þessarar lánveitingar.

Kristín segir að hún muni það ekki, alltént hafi henni á þeim tíma sem lánið var tekið ekki verið kunnugt um það.

Kristínu er kunnbert að grunur sé um að þessi greiðsla frá 21. desember 1998, að fjárhæð kr. 100.000.000 frá Kaupþingi hf. inn á reikning Baus-Aðfanga ehf., hafi verið greiðsla til baka á síðari helmingi 200 milljón króna upphafsgreiðslunnar.

Kristínu er kunnbert eftirfarandi framburður úr skýrslu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 11. júní 2005. Jón Ásgeir var þá beðinn að gera grein fyrir þessari lánveitingu:

- Skjal málsins nr. V/4.18

*. . . Jón Ásgeir segir að hann vilji taka sérstaklega fram að Helga Gísladóttir hafi greitt inn á þetta lán í maí 1999 og hafi þá 25 milljónir runnið til hans og 36,5 milljónir hafi runnið til Gaums ehf., sem tekið hafi yfir þessa lánveitingu.*

Kristín er spurð um afstöðu til þessa framburðar Jóns Ásgeirs.

Kristín segir að hún renji ekki framburð Jóns Ásgeirs. Kristín segir að hún vilji taka sérstaklega fram að Jón Ásgeir hafi séð um rekstur félagsins á þessum tíma og hafi hún sem áður segir ekki komið þar að, enda hafi Jón Ásgeir haft fullt traust hluthafa til þess starfs.

**Samningur, dags. 10. nóvember 1998**

Sala annars vegar á 40 % hlut til stofnfjárfesta og hins vegar á 35 % hlut til Fjárfars ehf.

Kristínu er sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar hins vegar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu Íslandsbanki annars vegar og Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðssonar sem eigendur að öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., sem þá rak verslanir undir heitinu 10-11, samning um að selja allt að 75 % eignarhlut í félaginu. Enn fremur kom fram að stefnt yrði að selja eftirstandandi 25 % eignarhlut á komandi árum. Í samningum kom fram að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Samkvæmt samningnum var gengið út frá því að heildarverðmæti félagsins næmi um kr. 1.400.000.000. Samkvæmt samningnum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000. Fyrir liggur að sá

eignarhlutur var seldur til Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans hf. o. fl. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfaþingi Íslands.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Kristín er spurð hvort hún þekki til þessa samnings.

Kristín segir að hún þekki ekki til þessa samnings og minnst þess ekki að hafa séð hann áður.

**Greiðsla á kr. 800.000.000, sem fara átti fram 5. nóvember 1998 en fór fram 16. nóvember s. á.**

**Greiðsla á fjárhæð kr. 450.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 35 % til Fjárfars ehf.** Kristínu er enn sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Sem áður segir kemur fram í samningum að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Kaupverð til Fjárfars var kr. 450.000.000.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Kristínu er enn fremur sýnt afrit af lánstilboði að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998 og afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum var 60 % hlutafjár í Vöruveltunni hf. sett sem trygging fyrir láninu, þ. e. 35 % hlutur Fjárfars ehf. og 25 % hlutur Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar.

- Skjal málsins nr. II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5 og II/50.5.6

Kristín er spurð hvort hún þekki til þessarar lánveitingar.

Kristín segir að hún kannist ekki við þessa lánveitingu.

Kristínu er kunnugt að grunur sé um að greiðslur vegna kr. 800.000.000, sem fara áttu fram 5. nóvember 1998, hafi átt sér stað í tvennu lagi 16. nóvember 1998 og hafi afhending félagsins að sama skapi dregist til þess tíma. Í fyrsta lagi voru kr. 351.777.778 greiddar inn á reikning Helgu Gísladóttur nr. 515-26-404848, en greiðslan samanstendur af innborgun að fjárhæð kr. 350.000.000 og vaxtagreiðslu að fjárhæð kr. 1.777.778. Grunur er um að þetta hafi verið fjármagnað með svokölluð brúarláni Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur að fjárhæð kr. 350.000.000 þar til búið væri að selja 35 % eignahlut í félaginu, sem síðar var seldur til Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans o. fl. Í öðru lagi voru kr. 450.000.000 innborgaðar á reikning í eigu Helgu nr. 515-26-404848. Grunur er um sú greiðsla hafi verið fjármögnuð með sölu á 35 % eignarhluta í Vöruveltunni til Fjárfars ehf. samkvæmt sérstökum samningi.

Kristín er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um þetta.

Kristín segir að henni hafi ekki verið kunnugt um þetta.

**Greiðsla á kr. 150.000.000, sem fara átti fram með vixli útgefnum 16. nóvember 1998 – greitt með hlutabréfum**

Kristínu er sýnt afrit af vixli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að fjárhæð kr. 150.000.000, þar sem greiðandi er Eignarhaldsfélagið Gaumur og útgefandi Fjárfestingarfélagið Gaumur, dags. 16. nóvember 1998, - með gjaldþaga 1. mars 1999. Kristínu er enn fremur sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til hluthafaskrár Baugs hf. um sölu Kaupþings Lúxemborg á hlut í Baugi að nafnverði 16.200.000 til Helgu Gísladóttur, dags. 3. nóvember 1999 og afrit af greinargerð um viðskipti með hlutabréf í Baugi hf., dags.

2. mars 2004. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi fjárhæð ekki hafa verið greidd með umræddum víxli heldur hlutabréfum í Baugi hf. að nafnvirði kr. 16.200.000 eða að söluandvirði kr. 162.000.000.

- Skjal málsins nr. II/50.6.1, II/50.6.2 og II/50.6.3

Kristín er spurð hvort hún kannist við umræddan víxil.

Kristín segir að hún hafi ekki séð þennan víxil áður.

Grunur er um að þessi víxill hafi ekki verið greiddur, heldur hafi þau Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðsson fengið hlutabréf að nafnvirði kr. 16.200.000 í Baugi hf. Bréfin munu hafa komið frá Kaupthing Luxembourg. Grunur er um að af þeirri fjárhæð hafi kr. 12.000.000 verið vegna vaxta. Grunur er um að þessi bréf hafi verið seld af fjárvörslureikningi Baugs hf. Kaupthing Luxembourg og að greiðslan hafi verið notuð til að standa skil á greiðslum á grundvelli kauprettarákvæða í starfssamningum nokkurra stjórnenda Baugs Group hf., þ. á m. Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Kristín er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um þetta.

Kristín segir að hún hafi ekki haft vitneskju um þetta.

#### Kaupsamningur, dags. 21. maí 1999

Kristínu er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa Baugs hf. á 70 % hlutabréfa í Vöruveltunni hf., samtals að nafnvirði 210.000.000 króna, dags. 21. maí 1999. Samkvæmt umræddum samningi seldi Helga Gísladóttir 25 % eignarhlut sinn í Vöruveltunni hf. til Baugs hf. og Fjárfar ehf. þar af leiðandi 45 % eignarhlut sinn. Samkvæmt samningnum var kaupverðið kr. 447.000.000, en þar af átti að greiða kr. 65.000.000 með hlutabréfum í Baugi að nafnvirði. Samningurinn er undirritaður af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni f. h. stjórnar Baugs hf.; Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni, en samningurinn er óundirritaður f. h. Fjárfars ehf. Samningurinn er vottaður af Grétari Haraldssyni. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi kaupverð greiddast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málsins nr. II/50.9

a) Við undirritun kaupsamnings	kr.	225.000.000,-
b) Við undirritun kaupsamnings með skuldabréfi	kr.	162.000.000,-
c) Hinn 1. júlí afhendir kaupandi seljanda hlutabréf í sjálfum sér að nv.	kr.	65.000.000,-
		-----
	Kr.	447.000.000,-

Kristín er spurð hvort hún kannist við þennan kaupsamning.

Kristín segir að hún kannist ekki við þennan samning.

#### Greiðsla á kr. 225.000.000 (greitt í þrennu lagi), sem greiddast átti við undirritun kaupsamnings

Kristínu er sýnt afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. vegna greiðslu að fjárhæð kr. 225.000.000 hinn 20. maí 1999; afrit af útprentuðum upplýsingum úr bókhaldi Baugs Group hf. á tímabili frá 20. maí 1999 til 30. júní 2000 og afrit af útprentun á hreyfingalista úr bókhaldi Baugs hf., dags. 26. júní 1999. Samkvæmt umræddum gögnum er Helga Gísladóttir sögð hafa fengið umræddar kr. 225.000.000 greiddar.

- Skjal málsins nr. II/50.9.1, II/50.9.2 og II/50.9.3

**Greiðsla að fjárhæð kr. 36.500.000 til Fjárfestingarfélagins Gaums ehf.**

Kristínu er sýnt afrit af tékka Íslandsbanka hf. útgefnum af prókúruhafa Baugs hf. Lindu Jóhannsdóttur, að fjárhæð kr. 36.500.000, dags. 8. júní 1999. Í bókhaldi Baugs hf. er umrædd greiðsla sögð „Gr. til Helgu Gíslad. v/vöruveltan“.

- Skjöl málsins nr. II/50.11.1 og II/50.9.1

Kristín er beðinn að gera grein fyrir hvers vegna þessi greiðsla hafi runnið til Fjárfestingarfélagins Gaums ehf.

Kristín segir að hún geti ekki svarað því, af fyrrgreindum ástæðum þess efnis að hún hafi ekki haft nokkur afskipti af stjórnun og rekstri félagsins á þessum tíma.

Kristínu er sýnd útprentun úr bókhaldi Fjárfestingarfélagins Gaums ehf. úr færslu- og dagbók félagsins vegna greiðslu á kr. 36.500.000. Samkvæmt því sem þar kemur fram hefur umrædd fjárhæð verið tekjufærð í bókhald Fjárfestingarfélagins Gaums ehf.

- Skjöl málsins nr. II/50.11.2

Kristín er beðinn að gera grein fyrir hvers vegna það hafi verið.

Kristín segir að hún viti það ekki. Aðspurð segir Kristín að hún muni eftir að þessi fjárhæð hafi komið upp í rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins.

**Greiðsla að fjárhæð kr. 163.500.000 – ráðstöfun á móti kaupum Fjárfars í Vöruveltunni**

Kristínu er sýnt afrit af viðskiptayfirliti Íslandsbanka hf. vegna sölu Fjárfars ehf. á hlutabréfum í Vöruveltunni að nafnverði kr. 30.480.000, dags. 14. maí 1999 – söluverð kr. 163.500.000 og afrit af bréfi Íslandsbanka til skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna beiðni um gögn og upplýsingar vegna viðskipta Baugs hf. og sölu Íslandsbanka hf. á Vöruveltunni hf., dags. 1. mars 2001. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi greiðsla hafa verið fjármögnuð með þeim hætti að Fjárfar ehf. keypti 10 % af hlutafé Vöruveltunnar, dags. 14. maí 1999, eða viku áður en kaupsamningur um kaup Baugs hf. á 70 % hlutafé Vöruveltunnar hf. átti sér stað.

- Skjöl málsins nr. II/50.12.1 og II/50.12.2

Kristínu er kunnbert að samkvæmt útprentun úr bókhaldi Baugs hf. á dagbók félagsins og afriti af yfirliti tékkareiknings í eigu Baugs hf. hafi þessi greiðsla runnið til Íslandsbanka hf. og er sögð vera vegna Helgu Gísladóttur.

- Skjöl málsins nr. II/50.12.3 og II/50.12.4

Kristínu er enn fremur sýnt afrit af ársreikningi Fjárfars ehf. fyrir árið 1999 og afrit af skattframtali félagsins fyrir árið 1999. Samkvæmt umræddum gögnum virðast upplýsingar um þessi viðskipti ekki hafa skilað sér inn í ársreikning Fjárfars ehf., þ. e. kaup félagsins á þessum hlutabréfum frá Íslandsbanka hf. í Vöruveltunni hf.

- Skjöl málsins nr. II/50.25.3

Kristínu er kunnbert eftirfarandi framburður Aðalsteins Hákonarsonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 31. maí 2005. Aðalsteinn var spurður hvort hann hefði kannast við kaupsamninginn frá 21. maí 1999:

- Skjal málsins nr. IV/35.2

*Aðalsteinn segir að hann hafi ekki séð þennan kaupsamning áður. Aðalsteinn segir að gagnaöflun við gerð ársreiknings vegna ársins 1999 hafi átt sér stað á miðju ári 2000. Aðalsteinn segir að á þeim tíma hafi hann verið í sambandi við Helga Jóhannesson og Kristínu Jóhannsdóttur við þá gagnaöflun, en þau hafi á þeim tíma verið í fyrirsvari fyrir Fjárfar ehf. Aðalsteinn segir að Helgi og Kristín hafi meðal annars mætt á fund hjá KPMG Endurskoðun og í framhaldi af því hafi öllum fyrirsvarnum verið beint til þeirra, þó aðallega Kristínar.*

Aðalsteinn segir að hann og aðstoðarmaður sinn, Hafsteinn Sæmundsson viðskiptafræðingur hjá KPMG Endurskoðun á þeim tíma, hafi séð um gagnaöflun til að ljúka við uppgjör á Fjárfari ehf. Aðalsteinn segir að þrátt fyrir ítrekaðar óskir til Kristínar hafi bókhaldsgögn um Fjárfar ehf. ekki borist og hafi því verið vandkvæmum [svo] bundið að ljúka ársreikningi vegna ársins 1999. Aðalsteinn segir að uppgjör hafi dregist til desembermánaðar 2000 þar sem ýmislegt hafi ekki gengið upp við uppgjör félagsins.

Aðalsteinn segir að niðurstaða málsins hafi orðið sú að ljúka við ársreikning Fjárfars ehf. vegna 1999 um áramótin 2000/2001, en þá hafi legið fyrir að þau Helgi og Kristín hafi ekki getað aflað frekari bókhaldsgagna fyrir Fjárfar ehf.

Aðalsteinn segir að á árinu 2004 hafi Stefán Hilmarsson haft samband við hann og óskað eftir því að nýr ársreikningur fyrir Fjárfar ehf. vegna ársins 1999 yrði gerður, en sá ársreikningur hafi átt að grundvallast á upplýsingum úr niðurstöðu skattrannsóknar skattrannsóknarstjóra ríkisins varðandi Fjárfar ehf. og upplýsingum frá bókhaldi Gaumi ehf. og Baugs hf. Aðalsteinn segir að samkvæmt hans vitneskju hafi sú beiðni upphaflega komið frá Hreini Loftssyni til Stefáns Hilmarssonar.

Aðalsteinn segir að við þá vinnu hafi honum orðið ljóst að í bókhaldi Gaums ehf. hafi verið til viðskiptamannareikningur við Fjárfar ehf., sem aldrei hafi verið látinn í té. Aðalsteinn segir að þar hafi komið fram ýmsar peningahreyfingar sem Gaumur ehf. hafi annast í nafni Fjárfars ehf., en þær upplýsingar hafi honum ekki áður verið veittar þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um til Kristínar Jóhannesdóttur.

Aðalsteinn segir að Margrét Nikulásdóttir, endurskoðandi, hafi aðstoðað hann við þessa vinnu. Sú vinna hafi sem áður segir verið unnin vegna beiðni fyrirsvarsmanna Baugs hf. eða Gaums ehf.

Aðalsteinn segir að leiðréttum ársreikningi vegna ársins 1999 fyrir Fjárfar ehf. hafi honum vitanlega ekki lokið. Aðalsteinn segir þegar hann hafi hætt störfum hjá KPMG Endurskoðun í apríl síðastliðnum þá hafi honum vitanlega ekki verið búið að rita undir uppgjórið. Ástæða þess hafi verið sú að Helgi Jóhannesson, stjórnarformaður Fjárfars ehf. frá árinu 2000, hafi ekki viljað rita undir leiðrétt uppgjör og Jóhannes Jónsson, núverandi stjórnarformaður félagsins, ekki heldur.

Kristínu er enn fremur kunngerður eftirfarandi framburður Aðalsteins Hákonarsonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 31. maí 2005. Aðalsteinn var spurður í hverju breytingar á ársreikningi Fjárfars ehf. vegna 1999, sem gerðar voru eftir á, hefðu verið fólgnar:

- Skjal málsins nr. IV/35.2

Aðalsteinn segir að hann muni það ekki nákvæmlega, að öðru leyti en því að það hafi tengst viðskiptum með hlutabréf við KB-banka og Íslandsbanka. Aðalsteinn segir að hann reki minni til að þetta hafi verið þrenn eða fern viðskipti með hlutabréf. Aðalsteinn segir enn fremur að hann reki minni til að breytingin hafi snúist um söluhagnað af hlutabréfaviðskiptum, sem í raun hafi verið heimilt að fresta samkvæmt íslenskum skattalögum. Aðalsteinn segir að ítarlega greiningu á þessu sé að finna hjá Margréti Nikulásdóttur, endurskoðanda.

Kristín er spurð um afstöðu til þessa framburðar Aðalsteins.

Kristín segir að hún vísi þeim ummælum Aðalsteins alfarið á bug að hann hafi ítrekað óskað eftir upplýsingum sem honum hafi ekki verið veittar. Kristín segir að þessi gagnaöflun hafi snúist um að ljúka ársreikningi. Hún kveðst hafa annast þá gagnaöflun með Helga Jóhannessyni og verið í sambandi við Jón Ásgeir sem hafi komið fram sem tengiliður við hluthafa Fjárfars. Kristín segir að Aðalsteinn hafi fengið allar upplýsingar og öll gögn í hendur sem hægt hefði verið að útvega. Kristín segir enn fremur að aldrei

hafi hvarflað að henni að leyna Aðalsteini upplýsingum um viðskiptareikning Gaums ehf. við Fjárfar. Kristín segir að hún vilji ítreka að Aðalsteinn fari þarna með rangt mál.

-----

**Greiðsla að fjárhæð kr. 162.000.000, sem greiða átti með skuldabréfi (greitt með láni)**

Kristínu er sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til Baugs hf. vegna láns til Baugs hf. að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 30. júní 1999; afrit af bókunarblaði vegna fjárhæðarinnar 162.000.000, dags. 30. júní og afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. með upplýsingum um skammtímalán að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 2. og 7. júlí 1999. Kristínu er kunnugt að grunur sé um að þessi greiðsla hafi ekki farið fram með skuldabréfi, heldur hafi hún verið greidd með láni frá Kaupthingi Luxembourg, sem síðan hafi verið gert upp með hlutabréfum – þeim hinum sömu og notuð voru til að gera upp víxil að fjárhæð kr. 150.000.000 og fara átti fram 1. mars 1999 á grundvelli kaupsamningsins frá 7. október 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.13.1, II/50.13.2 og II/50.13.3

Kristín hefur þegar greint frá að henni hafi verið ókunnugt um þetta. Aðspurð segir Kristín að hún hafi engu við það að bæta.

-----

**Gögn vegna greiðslu með hlutabréfum í Baugi að nafnverði kr. 65.000.000**

Kristínu er sýnt afrit af hreyfingalista í hlutaskrá Baugs hf. v/ Fjárfars ehf. frá 30. júní 1999 til 20. september 2000; afrit af minnisblaði vegna aukaaðalfundar Baugs hf., haldinn 24. júní 1999 – tillaga um aukningu hlutafjár í Baugi hf. og afrit af minnisblaði vegna flutnings Baugs hf. í bankaviðskipti við Íslandsbanka, dags. 10. júní 1999. Kristínu er samhliða téðum gögnum sýnt afrit af fundargerð hluthafafundar Baugs hf., dags. 24. júní 1999. Kristínu er kunnugt að samkvæmt umræddum gögnum hafi hluthafar Baugs hf. samþykkt að auka hlutafé í félaginu um kr. 82.500.000 að nafnverði, sem nota átti sem gagngjald fyrir hlutabréf í Vöruveltunni hf. Kristínu er kunnugt að fyrir liggi að hlutabréf að nafnverði kr. 65.000.000 í Baugi hf. hafi runnið til Fjárfars ehf. eða að markaðsvirði kr. 650.000.000 og hlutabréf að nafnverði kr. 17.500.000 eða markaðsvirði kr. 175.000.000 hafi runnið til Íslandsbanka. Fyrir liggur að þessi hlutabréf hafi verið fengin með aukningu hlutafjár í Baugi hf. samkvæmt aukahlutahafafundi frá 24. júní 1999.

- Skjöl málsins nr. II/50.14.1, II/50.14.2, II/50.14.3, II/50.14.4 og II/50.14.2

Kristín er spurð hvort henni hafi verið kunnugt um að þessi hlutabréf hafi runnið til Fjárfars ehf.

Kristín segir að henni hafi ekki verið kunnugt um það.

-----

**Sölusamningur, dags. 5. júní 1999**

Kristínu er sýnt afrit af sölusamningi Helgu Gísladóttur vegna sölu og afsals á 25 % hlutafjareignar í Vöruveltunni hf. til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, dags. 5. júní 1999 – kaupverð kr. 297.500.000. Samkvæmt téðum samningi hefur Jón Ásgeir Jóhannesson keypt 25 % hlutafé í Vöruveltunni hf. Kaupverðið er sagt kr. 297.500.000 og átti að greiðast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málsins nr. II/50.15

1. Kaupandi hefur þegar greitt með peningum	kr.	287.500.000.00
2. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnvirði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda þegar Apótekið eign Gaums hf. hefur verið metið inn í Baug h. f. (ágúst 1999)	"	5.000.000.00
3. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnvirði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda í október 2000	"	5.000.000.00
	<u>Samtals kr.</u>	<u>297.000.000.00</u>

Kristín er spurð hvort hún kannist við þennan samning.

Kristín segir að hún hafi ekki séð þennan samning áður og þekki ekki innihald hans.



**Litla fasteignafélagið ehf. – kaup og sala á fasteignum**

Kristín er spurð hvort hún hafi haft einhverja aðkomu að stofnun eða rekstri Litla fasteignafélagsins ehf.

Kristín segir að hún hafi ekki komið að stofnun félagsins. Kristín segir að hún hafi komið inn í stjórn félagsins í október 1999, en þá hafi verið búið að selja allar fasteignir félagsins.

Kristínu er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar og fl. í Litla fasteignafélaginu. Samantektin er byggð á gögnum er Ríkislögreglustjórinn aflaði frá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni er Kristín sögð hafa setið í stjórn félagsins frá 4. október 1999 til 31. desember 1999.

- Skjal málsins nr. II/25.7.0

Kristín er spurð hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Kristín segir að þessar upplýsingar séu réttar hvað hana varðar.

Aðspurð segir Kristín að Litla fasteignafélagið ehf. hafi sameinast Gaumi ehf. um áramót 1999/2000.

**Kaup fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf.**

Kristínu er sýnt afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 25. febrúar 1999 og afrit af fyrningarskýrslu 1998 fyrir Litla fasteignafélagið ehf. – úr skattframtali 1998. Allir gerningarnir eru undirritaðir af Grétari Haraldssyni og Solveigu Theodórsdóttur f. h. Litla fasteignafélagsins; af Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni f. h. Tíu ellefu hf. og Eiríki Sigurðssyni og Birni Árnasyni f. h. Vöruveltunnar hf. Samhliða þessum gögnum er Kristínu sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum. Kaupsamningsdrög vegna kaupa Litla fasteignafélagsins ehf. á fasteignum Vöruveltunnar hf. voru einnig send með viðhengi tölvupósts með yfirskriftinni „Afsal“, frá Hafsteini Sæmundssyni til Tryggva Jónssonar, dags. 24. ágúst 1999 kl. 13:44.

- Skjöl málsins nr. II/50.17.3 til II/50.17.5 og II/50.23.3

Samkvæmt téðum gögnum og kaupsamningsdrögum hefur Litla fasteignafélagið ehf. keypt fasteignir frá Vöruveltunni hf. fyrir samtals kr. 217.100.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf., en umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26.

Kristín er spurð hvort hún hafi komið að þessum kaupum.

Kristín segir að það eina aðkoma hennar að þessu máli hafi verið að undirrita kaupsamning sem dagsettur hafi verið aftur í tímann þegar Litla fasteignafélagið seldi Fasteignafélaginu Stoðum hf. umræddar fasteignir. Kristín segir að hún hafi undirritað þann samning eftir að hún kom í stjórn Litla fasteignafélagsins, eða í október 1999. Kristín segir að leitað hafi verið ráðgjafar lögmanns og endurskoðanda um að dagsetja kaupsamninginn aftur í tímann; til þess tíma sem viðskiptin hefðu átt sér stað, og ekkert hafi þótt óeðlilegt við það. Kristín segir að hún hafi hvorki komið að verðmati þessara fasteigna né samningaumleitunum varðandi það.

Kristín er spurð hvort hún viti hvernig kaupverð til Litla fasteignafélagsins hafi verið ákvarðað.

Kristín segir að hún viti ekki hvernig það hafi verið ákvarðað eða hver hafi séð um það.

**Samruni Litla Fasteignafélagsins og Fjárfestingarfélagsins Gaums**

**Ársreikningur Litla fasteignafélagsins ehf. 1999 og Fjárfestingafélagsins Gaums ehf.**

Kristínu er sýnt afrit af óundirrituðum árshlutareikningi Litla fasteignafélagsins ehf. 31. maí 1999 – dags. 17. ágúst 1999. Samkvæmt árshlutareikningnum, sem er fyrir tímabilið janúar-maí 1999, nam hagnaður tímabilsins 1,2 milljónir kr., veltufé frá rekstri nam 2,4 milljónum króna, handbært fé frá rekstri nam 7,7 milljónum króna og eigið fé í lok tímabilsins var neikvætt um 1 milljón kr. Einu rekstrartekjur tímabilsins voru húsaleigutekjur 17,9 milljónir kr. og eignir námu 446 milljónum kr., þar af voru fasteignir og lóðir 440 milljónir kr. Fyrir liggur að félagið var með langtímasamninga um allar fasteignir þess.

- Skjal málsins nr. II/50.19.3

Kristín er spurð hvort hún hafi komið að gerð þessa árshlutareiknings.

Kristín segir að hún hafi ekki komið að gerð þessa árshlutareiknings. Kristín segir að hún vilji vekja athygli á því að skuldir félagsins samkvæmt árshlutareikningi hafi verið tæpar 447 milljónir króna.

Kristín er spurð hvort hún viti til þess hvort bókhald Litla fasteignafélagsins sé til.

Kristín segir að hún viti ekki til þess og hafi aldrei séð það. Kristín segir að hún vilji benda á Aðalstein Hákonarson, endurskoðanda, í því sambandi en hafi séð um að færa bókhald félagsins.

**Gögn um samruna Litla fasteignafélagsins ehf. við Fjárfestingafélagið Gaum ehf.**

Kristínu er sýnt afrit af tilkynningu KPMG Endurskoðunar ehf. til hlutafélagaskrár um samruna Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf., dags. 31. maí 2000 – mótttekið 26. júní 2000.

- Skjal málsins nr. II/25.7.9

Kristínu er enn fremur sýnt afrit af óundirrituðum samrunaefnahagsreikningi Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. og Litla fasteignafélagsins ehf. vegna ársins 1999. Samkvæmt ársreikningnum námu rekstrartekjur 179,1 milljón kr., þar af námu húsaleigutekjur 19,5 milljónum kr. og söluhagnaður fasteigna 159,6 milljónum kr. Eignir námu 157,6 milljónum kr., sem var krafa á Fjárfestingafélagið Gaum ehf.

- Skjal málsins nr. II/50.19.4

Kristín er spurð hvort hún hafi komið að þessum samruna.

Kristín segir að hún hafi ekki komið að þessu, en það hafi endurskoðendur félaganna annast.

Kristín er spurð hvort þetta hafi verið endanlegur samrunaefnahagsreikningur.

Kristín segir að til sé undirritaður reikningur.

Kristín er spurð hvort hún viti hvert kaupverð Litla fasteignafélagsins hafi verið.

Kristín segir að eins og fram hafi komið í rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins hafi það verið 500 þúsund krónur.

Kristínu er sýnt afrit af kvittun um að Gaumur hf. hafi greitt Solveigu Theodórsdóttur og Grétari Haraldssyni andvirði hlutfjáreignar í Litla fasteignafélaginu ehf., dags. 31. desember 1999. Samkvæmt

téðu skjali hefur Gaumur hf. greitt þeim Grétari og Solveigu kr. 500.000 fyrir hlutafé Litla fasteignafélagsins ehf.

- Skjöl málsins nr. II/50.26.1

Kristín er spurður hvort Fjárfestingarfélagið Gaumur hf. hafi greitt þessa fjárhæð til Grétars Haraldssonar og Sólvegar Theodórsdóttur.

Kristín segir að henni hafi ekki verið kunnugt um að þessi fjárhæð hafi verið greidd. Kristín segir að samkvæmt síðari vitneskju hennar hafi Jón Ásgeir greitt Grétari Haraldssyni 500 þúsund krónur í maí 1999. Kristín segir að þessar upplýsingar hafi komið fram í rannsókn skattransóknarstjóra ríkisins.

Aðspurð segir Kristín að greiðsla á þessari fjárhæð hafi verið gerð upp í bókhaldi Gaums ehf. milli Jóns Ásgeirs og Gaums ehf. Kristín segir að henni vitanlega hafi ekki átt sér uppgjör milli Grétars Haraldssonar og Gaums ehf., enda hafi fyrir þann tíma átt sér stað uppgjör vegna greiðslunnar milli Jóns Ásgeirs og Grétars.

Kristínu er kunngerður eftirfarandi framburður úr skýrslu Grétars Haraldssonar hjá Ríkislögreglustjóranum, dags. 4. júní 2005. Grétar var þá beðinn að gera grein fyrir þessu skjali:

- Skjal málsins nr. IV/53.1

*Grétar segir að hann muni ekki eftir þessu skjali, en það sé dagsett löngu eftir að hann hafi hætt afskiptum af félaginu. Grétar segir að þetta sé líklegast það skjal sem hann hafi vísað áður í; þess efnis að Tryggi og Jón Ásgeir væru raunverulegir eigendur Litla fasteignafélagsins. Grétar segir að hann hafi aldrei fengið greitt samkvæmt þessu og hafi þetta skjal aðeins verið útbúið til málamynda.*

Kristín er spurð um afstöðu til þessa framburðar Grétars.

Kristín segir að hún þekki ekki þetta mál, ekki að öðru leyti en því sem hún hafi áður sagt.

#### **Sala fasteigna frá Litla fasteignafélaginu ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf.**

Kristínu er sýnt afrit af samkomulagi Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 1. nóvember 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 1. nóvember 1999 og afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Fasteignafélagsins Stoða hf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 1. nóvember 1999. Samhliða þessum gögnum er Kristínu sýndur afritaður tölvupóstur með yfirskriftinni „Fasteignir“ milli Halldórs Jónssonar, Tryggva Jónssonar og Runólfs Þórs Runólfssonar, dags. 21. október 1999 kl. 16:05 og milli Tryggva Jónssonar, ásamt meðfylgjandi drögum að tveimur kaupsamningum vegna Litla fasteignafélagsins sem send voru með viðhengjum.

- Skjöl málsins nr. II/50.18.2 til II/50.18.4 og II/50.23.5

Kristínu er enn fremur sýnt afrit af kaupsamningi milli Fasteignafélagsins Stoða hf. (kaupandi) og Litla fasteignafélagsins ehf. (seljandi) um yfurfærslu eignarréttar fasteigna að Barónstíg 2, Engihjalla 8, Suðurlandsbraut 48, Laugalæk 2, Sporhamra 3, Langarima 21-23 og Efstaland 26, dags. 1. júní 1999. Samkvæmt umræddum samningi hefur Fasteignafélagið Stoðir hf. keypt fasteignir frá Litla fasteignafélaginu ehf. fyrir samtals kr. 604.554.000, en þar af eru fasteignir er áður voru í eigu Vöruveltunnar hf. metnar á kr. 357.204.000 ásamt yfurfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf. Umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26. Kaupsamningurinn er undirritaður af Kristínu fyrir hönd

Litla fasteignafélagsins ehf. og Tryggva Jónssyni og Lindu Jóhannsdóttur fyrir hönd Fasteignafélagsins Stoða hf.

- Skjöl málsins nr. II/50.18.1

Kristínu er kunnbert að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum sé grunur um að verðið hafi miðast við leigu í átta og hálf ár, sbr. tölvupóstskeyti Tryggva Jónssonar til Kristínar Jóhannsdóttur, dags. 28. október 1999 kl. 16:25, en þar segir eftirfarandi:

- Skjöl málsins nr. II/50.23.5

*Þegar LF keypti þá var stuðst við bókfært verð. Þegar Stoðir keypti þá var stuðst við leigu í 8,5 ár. Leigufjárhæðir komu frá JAJ*

Kristín er spurð hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Kristín segir að hún muni ekki eftir þessu skeyti og viti ekki hvers vegna þessi spurning hafi komið upp eins og þarna virðist vera.

Kristínu er sýnt afrit af uppgjöri vegna kaupsamnings dags. 1. júní 1999 milli Fasteignafélagsins Stoða hf., sem kaupanda og Litla fasteignafélagsins, sem seljanda, ódagsett og afrit af reikningsyfirlitum Íslandsbanka á reikningi Gaums nr. 0527-26-1099 vegna innborgana að fjárhæð kr. 50.000.000, dags. 7. september 1999; kr. 10.000.000, dags. 18. október 1999 og kr. 97.606.323, dags. 20. desember 1999.

- Skjöl málsins nr. II/50.18.5 og II/50.18.6

Kristínu er kunnbert að samkvæmt téðum gögnum hafi söluhagnaður fasteigna verið tilkominn vegna sölu fasteigna Litla fasteignafélagsins ehf. til Fasteignafélagsins Stoða hf., dags. 1. júní 1999. Samtals hafi söluverðmæti fasteignanna sem áður segir numið 604,6 milljónum kr. og að frádregnum yfirteknum langtímalánnum að fjárhæð 252,7 milljónum kr. skv. kaupsamningi og yfirtöku skammtímaskulda hafi útborgun numið kr. 157.606.323 og hafi hún runnið inn á bankareikning í eigu Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. sem hér segir:

Dags.	Kr.
07.09.1999	50.000.000
18.10.1999	10.000.000
20.12.1999	97.606.323
<b>Samtals</b>	<b>157.606.323</b>

Kristín er spurð hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Kristín segir að þessi fjárhæð hafi runnið til Litla fasteignafélagsins og verið meðhöndlað krafa Litla fasteignafélagsins ehf. á hendur Gaumi. Kristín segir að ástæða þess að þetta hafi runnið inn á bankareikning Gaums ehf. hafi verið sú að Litla fasteignafélagið hafi ekki haft bankareikning. Kristín segir að hún vilji áréttta að þetta hafi ekki verið greiðsla sem runnið hafi til Gaums.

Kristínu er sýnd tafla þar sem teknar hafa verið saman upplýsingar um kaup og sölu allra fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf. á árunum 1998 og 1999. Taflan byggir á tilvísuðum skjölum og þeim gögnum sem honum hefur nú verið kynnt.

Fasteignir: Í þús. kr.	Skjala- númer	Kaupverð 1998	Skjala- númer	Kaupverð 1999	Skjala- númer	Söluverð 01.06.1999	Mismunur
<i>Keypt af Vöruveltunni hf.:</i>							
Suðurlandsbraut 48	II/50.23.5	11.812				14.790	2.978
Laugalækur 2	II/50.17.5	21.032			II/50.18.3	58.038	37.006
Sporhamrar 3	II/50.17.6	39.324			II/50.18.4	58.038	18.714
Langirimi 21-23	II/50.17.4	52.432			II/50.18.2	58.038	5.606
Grímsbær/Efstaland 26		92.500				168.300	75.800
<i>Samtals keypt af Vöruv.:</i>	II/50.23.5 II/50.17.7	<i>217.100</i>				<i>357.204</i>	<i>140.104</i>
<i>Keypt af öðrum:</i>							
Engihjalli 8	II/50.17.7	158.000				183.600	25.600
Barónstígur 2 – kaupár 1999	II/50.17.7		II/50.19.3 (bls. 9)	62.000		63.750	1.750
<b>Samtals</b>	II/50.17.7	<b>375.100</b>		<b>62.000</b>	II/50.18.1 II/50.18.5	<b>604.554</b>	<b>167.454</b>

Kristínu er kunnert að samkvæmt töflunni hafi innborgun til Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. vegna kaupa fasteigna, sem áður voru í eigu Vöruveltunnar hf., numið rúmum 140 milljónum króna, en umræddar fasteignir voru: Suðurlandsbraut 48, Laugalækur, Sporhamrar, Langirimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26.

Kristín er spurð um afstöðu til þess.

Kristín segir að hún segir að hún hafi ekkert um það segja, umfram það sem þegar er komið fram.

Kristín er spurð að lokum hvort hún vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Kristín segir að svo sé ekki.

Kristín Edwald, verjandi Kristínar, er spurð hvort hún vilji koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd yfirheyrslunnar.

Kristín segir að hún vilji endurrit rannsóknargagna í hendur og þá sérstaklega framburðarskýrsluna. Kristín segir að hún óski þess að fá formlegt svar um það nú þegar hvort henni verði afhent gögnin nú eður ei.


Kristínu er kunnbert að þeirri beiðni sé hafnað af hálfu Ríkislögreglustjórans með skírskotun til 43. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, um að lögregla geti neitað að veita verjanda aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslur hennar ef hún telur að það geti skaðað rannsókn málsins.


Kristín hefur lesið skýrsluna yfir. Hún telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirlestri skýrslu lokið þriðjudaginn 14. júní 2005 kl. 18<sup>14</sup>

Yfirlesið staðfest rétt

Skýrslu gerir

  
Kristín Jóhannesdóttir

  
Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstödd yfirheyrslu, staðfest rétt

Viðstaddur og þátttakandi við yfirheyrslu

  
Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður

  
Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi